

Sb.

972. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Málið var rætt og afgreitt á einum fundi. Meiri hl. (GÍG, StgrA, ÞB, SkG, BK, HelgJ og SK) leggur til, að tillagan verði samþ. og gefur því út meirihlutaálit. 1. minni hl. (PO) vildi ekki fylgja till. og skilar þá einnig séráliti. 2. minni hl. (GJ) vildi gera viðtækar breytingar á tillögunni og leggur því til, að hún verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, sem bæjar- og hreppsfélög kynnu að taka til kaupa á togurum þeim, sem ríkisstjórnin er nú að láta smíða í Bretlandi, ef þau með því óska að koma á hjá sér togaraútgerð.

Ábyrgðin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. að viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þarfnist fjárhagsstuðnings að dómi ríkisstjórnarinnar fram yfir þau lán, sem stofnlánadeildin veitir út á 1. veðrétt í skipunum;
2. að lánsupphæðin fari eigi yfir 10% af kostnaðarverði skipanna, enda sé lánið einnig tryggt með 2. veðrétti í skipunum og uppfærslurétti á eftir stofnlánadeildarláninu;
3. að lánskjörin séu hagkvæm að dómi ríkisstjórnarinnar;
4. að staðurinn sé hentugur fyrir togaraútgerð að dómi ríkisstjórnarinnar;
5. að viðkomandi skip verði gert út af bæjar- eða hreppssjóði, félögum eða einstaklingum, sem njóta gagnábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga;
6. að ríkisstjórninni sé heimilt að setja eftirlit með útgerðinni.

Þyki ríkisstjórninni hagkvæmara að taka fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 millj. króna lán til þessara framkvæmda, er henni það heimilt, og má hún þá lána það fé til viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga gegn ákvæðum 1.—2. og 4.—6. tölul. hér að ofan. Slík lán mega vera afborgunarlaus í 2 ár, en greiðast síðan upp á 10 árum. Vextir verði eigi yfir 4%.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gisli Jónsson,
form.